

REGLUGERÐ
um úthlutun og greiðslu fjárfamlags ársins 2020
til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

1. gr.

Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Ríkissjóður veitir árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða til þess að ná því markmiði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2020 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarlífeyrisskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni begar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

3. gr.

Úthlutun fjárfamlags árið 2020.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2020 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2019 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2019 samtals kr. 1.583.485.326.975 og er áætlað fjárframlag ársins 2019 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 5.146.327.313 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	26.194.806	0,509%
Birta lífeyrissjóður	182.257.182	3,542%
Eftirlaunasjóður FÍA	10.035.338	0,195%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L060EsRB	952.071	0,019%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L050EsH	5.043.401	0,098%
Festa lífeyrissjóður	745.805.754	14,492%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	143.145.094	2,782%

Nr. 1252

1. desember 2020

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Gildi lífeyrissjóður	1.983.394.545	38,540%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	43.615.124	0,848%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L140LsA	2.367.311	0,046%
Lífeyrissjóður bankamanna-aldur	21.794.696	0,424%
Lífeyrissjóður bankamanna-hlutfall	17.703.366	0,344%
Lífeyrissjóður bænda	18.629.705	0,362%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L510LsN	385.975	0,008%
Lífeyrissjóður Rangæinga	36.281.608	0,705%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	3.293.649	0,064%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	3.370.844	0,066%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L600LsH	1.672.556	0,033%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L400LK	3.216.455	0,063%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	26.632.244	0,518%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	317.399.737	6,168%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	157.451.884	3,060%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	147.082.035	2,858%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	69.243.834	1,346%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L700LsV	2.290.116	0,045%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	2.058.531	0,040%
Lífsverk lífeyrissjóður	14.049.474	0,273%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	377.302.987	7,332%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	114.325.661	2,222%
Stapi lífeyrissjóður	601.091.030	11,680%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	68.240.300	1,326%
Samtals	5.146.327.313	100,000%

Við greiðslu fjárfamlags ársins 2021, í október 2021, skal endurreikna, og leiðréttta ef þörf er á, fjárfamlag ársins 2020 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2019.

4. gr.

Leiðréttting fjárfamlags ársins 2019.

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2017 er kr. 1.519.025.825.541. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2018 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1166/2019, um úthlutun og greiðslu fjárfamlags ársins 2019 til jöfnunar örorkubyrið lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2018 er kr. 5.065.938.645 til lækkunar. Fjárfamlag ríkis-sjóðs til jöfnunar örorkubyrið lífeyrissjóða fyrir árið 2019 nam 0,325% af gjaldstofni trygginga-gjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðréttting fjárfamlags ársins 2019, frá því sem það var ákvarðað með reglugerð nr. 1166/2019, nemur því samtals kr. 16.464.301 til lækkunar. Áætlað fjárfamlag ársins 2020 eins og það er ákvarðað skv. 3. gr. lækkar þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	78.782	0,479%
Birta lífeyrissjóður	603.831	3,668%
Eftirlaunasjóður FÍA	33.999	0,207%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L060EsRb	2.964	0,018%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L050EsH	14.736	0,090%
Festa lífeyrissjóður	2.373.176	14,414%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	517.640	3,144%
Gildi lífeyrissjóður	6.159.903	37,414%

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Íslenski lífeyrissjóðurinn	135.996	0,826%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L140LsA	8.808	0,054%
Lífeyrissjóður bankamanna-aldur	63.141	0,384%
Lífeyrissjóður bankamanna-hlutfall	55.979	0,340%
Lífeyrissjóður bænda	61.577	0,374%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L510LsN	1.317	0,008%
Lífeyrissjóður Rangæinga	115.333	0,701%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	12.678	0,077%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	12.760	0,078%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L600LsH	4.198	0,026%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L400LK	9.055	0,055%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	84.627	0,514%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	961.520	5,840%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	545.136	3,311%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	519.616	3,156%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	194.444	1,181%
Brú, lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L700LsV	8.397	0,051%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	6.586	0,040%
Lífsverk lífeyrissjóður	40.749	0,248%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	1.218.035	7,398%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	341.718	2,076%
Stapi lífeyrissjóður	2.037.385	12,375%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	240.215	1,459%
Samtals	16.464.301	100,000%

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi eldri reglugerð nr. 1166/2019 sama efnis.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 1. desember 2020.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.*Anna V. Ólafsdóttir.*